

# Háskólaþing

## 11. nóvember 2021

## Jón Atli Benediktsson, rektor

# Dagskrá

**Setning háskólaþings**

Kl. 13.00-13.05 Rektor setur þingið og fer yfir dagskrá og tímaáætlun

**Dagskrárliður 1**

Kl. 13.05-13.25 Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands

**Dagskrárliður 2**

Kl. 13.30-15.00 Ný heildarsýn fyrir háskólasvæðið

a) Inngangur. Hrund Ólöf Andradóttir, prófessor og formaður skipulagsnefndar háskólasvæðisins
b) Ný heildarsýn fyrir háskólasvæðið. Orri Steinarsson, arkitekt og eigandi teiknistofunnar jvantspijker & partners
c) Borgarlínan og háskólasvæðið. Þröstur Guðmundsson, forstöðumaður Borgarlínu
d) Samgöngu- og bílastæðamál á háskólasvæðinu. Kristinn Jóhannesson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs Háskóla Íslands
e) Viðbrögð. Pétur H. Ármannsson, arkitekt og sviðsstjóri hjá Minjastofnun
f) Umræður og afgreiðsla

Kl. 15.00 Rektor slítur háskólaþingi

# 110 ára afmælisfagnaður starfsfólks í Hörpu




HÍ
“Háskólinn rís upp af hæðinni...”


HÍ
1911 – 2021
HÍ

# Málþing um framtíð nýsköpunar 10. nóvember




HÍ




# Afhending prófskírteina í Háskólabíói 22. október

# Kennsluakademíu opinberu háskólanna hrint af stokkunum




Endurskoðun matskerfis opinberu háskólanna

# Samkomulag opinberu háskólanna

- 1. desember 2020 gerðu Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Háskólinn á Hólum, Landbúnaðarháskóli Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytið, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Félag prófessora við ríkisháskóla, Félag háskólakennara við Háskóla Íslands og Félag háskólakennara við Háskólann á Akureyri með sér samkomulag um umhverfi matskerfis opinberu háskólanna
- Samkomulagið tekur til grunnmats nýrra akademískra starfsmanna og árlegs mats á störfum þeirra
- Matið er lagt er til grundvallar við ákvörðun greiðslna úr vinnumatssjóðum og röðun í launaflokka í samræmi við kjara- og stofnanasamninga



# Hvað felst í endurskoðun matskerfisins?

- Endurskoðun skjalsins „Matskerfi opinberra háskóla“ sem liggur til grundvallar núverandi vinnumati
- Haft að leiðarljósi að matskerfið verði **gegnsætt og sanngjarnt**
- Lagt upp með að halda „verðbólgu“ í skefjum

# Hvað felst í leiðarljósinu um gegnsæi og sanngirni?

- Fækka **bilum/spönnum** í kerfinu
- Skýra **forsendur** flokkunarinnar
- Tryggja að árangur og gæði rannsókna, kennslu, stjórnunar og þjónustu sé metinn á grundvelli **fjölbreytts framlags** til þekkingarsköpunar og mismunandi birtingarhefða



# Vefgátt fyrir umsagnir

- Opnuð hefur verið vefgátt fyrir umsagnir um fyrirliggjandi tillögu um endurskoðun á Matskerfi opinberu háskólanna
- Frestur til að skila umsögn er til 15. nóvember 2021

  Tillögur og greinargerð stjórnar Matskerfis opinberu háskólanna má finna hér:
- https://www.hi.is/haskolinn/matskerfi_opinberra_haskola

# Innleiðing HÍ26

## Betri háskóli – betra samfélag

STEFNA 2021-2026



# Framtíðarsýn HÍ26

## Betri háskóli – betra samfélag

Skólinn skapar opið og fjölbreytt umhverfi náms og rannsókna, hann er í sterku sambandi við meginstoðir samfélagsins og í víðtæku samstarfi við háskóla og þekkingarsetur um allan heim.

Með því að tryggja óskorað traust byggt á gæðum, jafnrétti og sjálfbærni á öllum sviðum getur Háskólinn rækt forystuhlutverk sitt í þekkingarsköpun fyrir samfélagið.

HÍ26 má finna hér:
https://stefna.hi.is/



# Áherslur í starfi skólans 2021-2026

**1 — OPINN OG ALÞJÓÐLEGUR**

Við eigum samstarf þvert á einingar skólans og í frjóu samtali og samstarfi við samfélag, atvinnulíf og háskóla um heim allan

**2 — SJÁLFBÆRNI OG FJÖLBREYTILEIKI**

Við erum fjölbreyttur hópur starfsfólks og nemenda sem leggur áherslu á að nám og rannsóknir mæti þörfum íslensks samfélags og atvinnulífs og stuðli að sjálfbærum heimi

**3 — AFL Á GRUNNI GÆÐA**

Með áherslu á gæði og stöðugar umbætur í öllu okkar starfi rækjum við af ábyrgð hlutverk okkar sem drifkraftur framfara

**4 — GÓÐUR VINNUSTAÐUR**

Við byggjum upp trausta innviði sem styðja við alla starfsemi skólans og gera nemendum og starfsfólki kleift að blómstra

# Opinn og alþjóðlegur

### ÞVERFAGLEGT STARF
Umgjörð starfsins styðji í hvívetna við þverfaglegt samstarf í kennslu, rannsóknum og öllu starfi skólans

### ALÞJÓÐATENGSL
Sameiginlegum námsleiðum með erlendum háskólum verði fjölgað, tækifæri til skiptináms aukin og stutt við alþjóðlegt rannsóknasamstarf

### NÝSKÖPUN OG FRAMFARIR
Umhverfi nýsköpunar nemenda og rannsakenda verði eflt í samstarfi við Vísindagarða, atvinnulíf og samfélag. Stuðlað verði að eflingu íslenskunnar í heimi breytinga

### STARFSHÆFNI NEMENDA
Aðgengi að símenntun verði eflt og áhersla lögð á hæfni nemenda til að takast á við fjölbreytt störf og áskoranir í kvikum og tæknivæddum heimi

# Sjálfbærni og fjölbreytileiki

### ÞEKKING Í ÞÁGU SJÁLFBÆRS SAMFÉLAGS
Háskólinn verði leiðandi á sviði sjálfbærni í krafti kennslu, rannsókna og þekkingarsköpunar

### SJÁLFBÆR STARFSEMI
Skólinn verði í forystu í sjálfbærri starfsemi og setji sér mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis á stefnutímabilinu sem byggi á markmiðum Íslands í þeim málaflokki

### FJÖLBREYTT HÁSKÓLASAMFÉLAG
Háskólinn verði enn betri vinnustaður sem tryggi jafnrétti og fjölbreyttan bakgrunn nemenda og starfsfólks. Stutt verði sérstaklega við nemendur af erlendum uppruna og áhersla lögð á fjölbreytileika nemendahópsins

### SAMSTARF VIÐ SAMFÉLAGIÐ
Kortlagning á hagsmunaaðilum og áætlun og aukinn stuðningur við miðlun og samstarf, með áherslu á milliliðalaust samtal rannsakenda og samfélags til að bregðast við falsfréttum, auka traust á vísindum og undirbyggja opinbera stefnumótun

# Afl á grunni gæða

### NOTENDAMIÐUÐ ÞJÓNUSTA
Notendamiðuð þjónusta sem byggir á þörfum nemenda, starfsfólks og stjórnenda verði í forgrunni í starfsemi skólans með stafrænni umbreytingu

### GÆÐI NÁMS Í FYRIRRÚMI
Kennsluhættir og námsframboð verði í sífelldri þróun og burðarstólpi í gæðastarfi skólans með námsánægju og gæði að leiðarljósi. Áhersla verði á þróun stafrænna kennsluhátta, fjarnáms og opinna netnámskeiða

### VANDAÐ FRAMHALDSNÁM
Áhersla verði lögð á að styrkja umgjörð og fjármögnun doktorsnáms og að námsframboð á meistarastigi verði eflt

### FRAMÚRSKARANDI VÍSINDI
Stuðningur við rannsakendur verði efldur með bættu aðgengi að styrkjum og rannsóknarinnviðum, sem og opnum og betri aðgangi að rannsóknagögnum og -niðurstöðum

# Góður vinnustaður

### MANNAUÐUR OG STARFSGLEÐI
Stuðlað verði að hvetjandi starfsumhverfi með vellíðan nemenda og starfsfólks að leiðarljósi, sem laðar til sín metnaðarfullt fólk með fjölbreyttan bakgrunn. Stjórnun verði efld með stuðningi, styrkari umgjörð, fræðslu og þjálfun

### INNVIÐIR RANNSÓKNA OG KENNSLU
Rannsóknainnviðir, aðstaða og húsnæði styðji við markmið um framþróun rannsókna og kennslu, svo og þverfræðilegt starf og gæði í starfsemi skólans

### FARSÆLT HÁSKÓLASVÆÐI
Heildstæð sýn á skipulag háskólasvæðisins stuðli að jöfnu aðgengi og samheldnu þekkingarsamfélagi nemenda og starfsfólks af öllum fræðasviðum. Algild hönnun, vistvænar samgöngur og grænar tengingar verði í forgrunni

### FJÁRMÁL OG REKSTUR
Fjármögnun, hagræði og skilvirkni í rekstri verði tryggð. Fjármögnun og launasetning endurspegli stefnu skólans

HÍ



# Sýnin við innleiðinguna

Einn skóli – ein stefna

Sameiginleg sýn og samræmd vinnubrögð

Gegnsæi árangurs og framvindu

Víðtæk þátttaka og frumkvæði

Tengja saman stór breytingaverkefni („top down“) og úrbótaverkefni í rekstri og þjónustu („bottom up“)

# Hvernig verður markmiðum HÍ26 náð?
# Tveir straumar breytinga

Þróun starfsins byggir á tveimur meginþáttum

- **Þróun starfseminnar**: Gæðastarf og stöðugar umbætur á grundvelli markmiða stefnunnar, eins og skilgreint er í hefðbundnum áætlunum starfseininga
- **Umbreyting starfseminnar**: Nýjungar innleiddar í takt við megináherslur stefnu skólans, eins og skilgreint er í verkefnastofnum



# Tveir straumar breytinga

Opinn og alþjóðlegur

Sjálfbær og fjölbreytt

Afl á grunni gæða

Góður vinnustaður



# Verkefnastofnar

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Alþjóðlegt samstarf um kennslu | Mannauður, vinnustaðamenning og þróun stjórnunar | Notendamiðuð þjónusta og stafræn umbylting stjórnsýslu | Samfélagsleg nýsköpun, framfarir og starfshæfni nemenda | Samstarf við samfélag og margvíslegar leiðir til miðlunar |
| Sjálfbærniáherslur í kennslu, rannsóknum og rekstri skólans | Styrkjasókn, nýliðun í vísindum, opin vísindi og siðferði vísinda | Umgjörð, fjármögnun og gæði meistara- og doktorsnáms | Uppbygging rannsókna- og kennsluinnviða og þróun háskóla-svæðisins í heild | Upplýsingatækni í kennslu, námsframboð og fjölbreytileiki nemendahópsins |

**Sjá nánar í innleiðingaráætlun á UGLU** > Háskólinn > Stjórnskipulag > Stefna Háskóla Íslands
https://ugla.hi.is/kerfi/view/page.php?sid=2010

# Fyrstu skref innleiðingar HÍ26

- HÍ26 kynnt á opnum fundum, í stjórnendateymum, fyrir Stúdentaráði, á samfélagsmiðlum o.fl. Kynningar rektors og aðstoðarrektors í stjórnum og á þingum allra fræðasviða standa yfir
- Miðlægar einingar og fræðasvið hafa notað markmið HÍ26 til að forgangsraða við starfs- og fjárhagsáætlanagerð fyrir 2022
- Ræsing verkefnastofna undirbúin
    - Ábyrgðaraðilar skipaðir fyrir hvern verkefnastofn og fundað ítrekað með þeim
    - Verkáætlun fyrir 2022 í undirbúningi fyrir hvern verkefnastofn
    - Áætlanir verða kynntar fyrir forsetum fræðasviða
    - Ekki allir stofnar „ræstir" í einu



# Næstu skref: Stjórnendaþjálfun og rafrænt stefnubókhald

Stjórnendaþjálfun og innleiðing rafræns stefnubókhalds mun styðja enn betur við stefnumiðað starf og stefnubundna áætlanagerð

- **Aukin áhersla á innleiðingu á fræðasviðum** í undirbúningi
  - Stefnufulltrúar á fræðasviðum - hafa yfirsýn og styðja við innleiðingu og umbætur á fræðasviði í samstarfi við forseta og eru í virkum tengslum við miðlæga umsjónaraðila stefnuinnleiðingar
  - Startfé til stakra verkefna fræðasviða og miðlægrar stjórnsýslu sem styðja við innleiðingu HÍ26

- **Margvíslegur stuðningur við stjórnendur**, fer af stað í jan/feb ´22
  - Aðstoð við miðlæga stefnuumsjón, innleiðingu stefnubókhalds og skipulag reglulegrar stefnurýni
  - Þjálfun lykilstjórnenda, ábyrgðaraðila verkefnastofna og stefnufulltrúa fræðasviða
  - ,,Drop-in" vinnustofur og einstaklingsmiðuð handleiðsla fyrir stjórnendur og ábyrgðaraðila

- **Stefnubókhald** verður þróað áfram og sett á rafrænt form þar sem tengdar verða saman áætlanir vegna verkefnastofna, miðlægra eininga og fræðasviða. Veitt verður aðstoð við áætlanagerð að þessu leyti, bæði miðlægt og innan fræðasviða



# Fjármögnun er forsenda árangurs

Kostnaður við innleiðingu stefnunnar mun taka mið af

- nauðsynlegri **umgjörð** um innleiðingu stefnunnar
- **kostnaði við verkefnastofna** á grunni verkáætlunar til eins árs í senn
- **starfs- og fjárhagsáætlunum fræðasviða og miðlægra eininga** með forgangsröðuðum stefnubundnum umbótaverkefnum

Aldarafmælissjóður verður áfram nýttur fyrir forgangsverkefni HÍ26. Það sem eftir lifir 2021 eru þrjú verkefni í forgangi

- Tækjakostur og aðstaða vegna kennslu
- Startfé innleiðingar
- Kynning og innleiðing áætlunar um fjarnám



# Sameiginleg vegferð

Við störfum á ólíkum sviðum með ólík viðfangsefni, þekkingu og faglegar áherslur

Þrátt fyrir það erum við öll hluti af Háskóla Íslands og viljum að hann gegni ótvíræðu forystuhlutverki á sviði mennta og vísinda

Í þeim skilningi erum við öll á sameiginlegri vegferð þar sem hlutverk, framtíðarsýn, gildi og megináherslur tengja okkur saman

Vegferðin á að vera okkur til ánægju og hvetja okkur til þess að bæta stöðugt í og vinna nýja sigra

Mælikvarðinn á árangur okkar hvers um sig, felst í styrk heildarinnar. Þar berum við öll sameiginlega ábyrgð



# Stofnunarúttekt á Háskóla Íslands



# Ytri matshópurinn

- Susan Hunter, formaður. Fyrrverandi rektor University of Maine, B.N.A.
- Abbe Brown. Forseti (e. Dean) stoðþjónustu fyrir stúdenta, University of Aberdeen, Skotlandi
- Bjarki Þór Gröndfeldt, fulltrúi stúdenta. Doktorsnemi í sálfræði, University of Kent, Englandi
- Dorte Salskov-Iversen. Deildarforseti stjórnunar- samfélags- og samskiptadeildar við Copenhagen Business School, Danmörku
- Philip Nolan. Rektor Maynooth University, Írlandi
- Sijbolt Noorda. Fyrrverandi rektor Universiteit van Amsterdam, Hollandi
- Raymond Smith, ritari úttektarhópsins. Sjálfstætt starfandi ráðgjafi, Englandi

# Meginniðurstöður

- Traustsyfirlýsing um gæði prófgráða:

  Úttektarhópurinn ber **traust** til núverandi starfshátta og getu Háskóla Íslands til að tryggja gæði þeirra gráða sem hann veiti, í nútíð og til nánustu framtíðar

- Traustsyfirlýsing um gæði námsumhverfis:

  Úttektarhópurinn ber **traust** til starfshátta og getu Háskóla Íslands til að tryggja gæði þess námsumhverfis sem hann býður nemendum sínum, í nútíð og til nánustu framtíðar





# Næstu skref

- Ytri matsskýrslan dregur fram helstu styrkleika Háskóla Íslands
- Skýrslan geymir jafnframt gagnlegar ábendingar um tækifæri til úrbóta
- Farið verður vandlega yfir ábendingar í skýrslunni
- HÍ26 er í innleiðingu undir forystu aðstoðarrektors kennslumála og þróunar
- Breytingar í kjölfar ytra matsins verða hluti af innleiðingarferlinu



# Framkvæmdir á döfinni

# Hótel Saga



# Vatnstjón í byggingum HÍ í ársbyrjun – skýrsla dómkvaddra matsmanna væntanleg



# Gamli garður




Gamli garður

# Hús íslenskra fræða



# Alvotech II




HÍ
Gróska

# Nýr Landspítali og heilbrigðisvísindahús



HÍ

# Nýr Landspítali og heilbrigðisvísindahús



HÍ

# Viðburðir framundan

- Kallað hefur verið eftir tilnefningum vegna árlegrar viðurkenningar til starfsfólks – frestur til 24. nóvember
- Hátíð brautskráðra doktora 1. desember
- Upplýsingafundur rektors í byrjun desember

HÍ



# Næstu skref

- Málið verður lagt fyrir háskólaráð til afgreiðslu 2. desember
- Samhliða því er ráðgert að málið fari fyrir skipulagsráð Reykjavíkurborgar 24. nóvember og eftir atvikum fyrir borgarráð 2. desember
- Í framhaldinu mun skipulagsnefnd háskólaráðs, í samvinnu við Reykjavíkurborg, vinna rammaskipulag fyrir háskólasvæðið